



## Starfslýsing fyrir forstöðu vistunar í grunnskólum Akureyrar

**Næsti yfirmaður:** Skólastjóri viðkomandi grunnskóla.

### Ábyrgðarsvið:

Forstöðumaður skólavistunar er starfsmaður Akureyrarbæjar og starfar undir stjórn viðkomandi skólastjóra, í umboði skólanefndar. Hann skal hafa uppeldisfræðimenntun. Hann ber faglega ábyrgð á framkvæmd skólavistunar. Forstöðumaður skólavistunar sem ráðinn er til starfa í grunnskólum Akureyrar, skal gegna því samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Akureyrarbæjar, eftir því sem við á. Forstöðumaður skólavistunar er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla. Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum í starfi hans og að hann haldi skólareglur í heiðri og reglugerð þar að lútandi. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður traustur og samkvæmur sjálfum sér.

Viðkomandi yfirmenn og/eða starfsmenn geta óskað endurskoðunar á starfslýsingu þessari ef aðstæður breytast eða þurfa þykir af einhverjum ástæðum.

Helstu verkefni:

- ◆ Er verkstjóri og næsti yfirmaður skólaliða í skólavistun (skv. skipuriti grunnskóla), skipuleggur störf þeirra og heldur skrá yfir vinnutíma þeirra.
- ◆ Hefur reglulega viðtalstíma fyrir foreldra/forráðamenn til þess að ræða málefni barns í skólavistun.
- ◆ Fylgist með því að nauðsynleg leikföng, búnaður og námsgögn séu til staðar í skólavistuninni og leggur fram tillögur þar um.
- ◆ Hefur umsjón með skráningu barna í vistun og stendur skil á innheimtulistum þar að lútandi.
- ◆ Sér um frágang eftir vetrarstarfið s.s. að eðlilegt viðhald fari fram á búnaði.
- ◆ Heldur fundi með foreldrum/forráðamönnum barna sem eru að hefja skólagöngu og barna með sérúrræði.
- ◆ Situr samráðsfundi með forstöðumönnum skólavistana í öðrum grunnskólum Akureyrar.

Allar fjárhagslegar skuldbindingar skulu gerðar í samráði við skólastjóra.

Forstöðumanni skólavistunar ber að hafa náð samstarf við foreldra/forráðamenn í samvinnu við kennara og skólastjóra.

Forstöðumaður sér um að útveguð sé úrræði fyrir börn með sérþarfir í samráði við skólastjóra að fengnu samþykki foreldra/forráðamanna.

Verði forstöðumaður skólavistunar var við að nemandi fari ekki að skólareglum eða sýni af sér vítaverða framkomu og lætur ekki segjast við áminningar skal hann tilkynna það til viðkomandi umsjónarkennara.

Forstöðumaður skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem hann verður var við í starfi og sýnir tillitssemi í samskiptum við annað starfsfólk og nemendur. Trúnaður helst þótt látið sé af starfi.

Forstöðumaður sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri kann að fela honum, enda samrýmist þau starfssviði hans.